

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi fyrrum Fljótsdalshéraðs vegna breytinga á landnotkun fyrir Óbyggðasetrið, Víðivelli ytri, Valþjófsstaðamela og Hamborg, Múlaþingi.

Skipulagsstofnun staðfesti 11. desember 2024 breytingu á aðalskipulagi fyrrum Fljótsdalshéraðs 2014-2030 sem samþykkt var í sveitarstjórn 11. júní 2024.

Í breytingunni felst að landnotkun er breytt á fjórum stöðum í sveitarfélaginu; íbúðarbyggð ÍB3 fyrir 60 íbúðir í landi Hamborgar, tvö ný iðnaðarsvæði eru skilgreind, I14 að Valþjófsstaðamelum á 4 ha fyrir 12 lóðir, þ.m.t. móttöku og flokkun sorps og I13 að Víðivöllum ytri 2 á 2 ha vegna úrvinnslu skógarafurða. Loks er skilgreint svæði fyrir verslun og þjónustu VP5 að Egilsstöðum vegna núverandi ferðaþjónustustarfsemi á 1 ha fyrir 36 gistirúm.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 11. desember 2024.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 27. desember 2024